

## Umhverfis- og sjálfbærnistefna

Lamb Inn á Öngulsstöðum er gisti- og veitingastaður í hjarta eins blómlegasta landbúnaðarhéraðs landsins, Eyjafjarðarsveitar, aðeins í 8 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri.

Lamb Inn byggir starfsemi sína upp í anda sjálfbærrar ferðapjónustu. Áhersla er lögð á uppgræðslu og fegrun nærumhverfis, almenna náttúruvernd, virka þátttöku í samfélaginu í Eyjafjarðarsveit og ábyrgja fjármálastjórnun. Eigendur og starfsfólk Lamb Inn munu vegna þessa:

- **Varðveita sögu staðarins og Öngulsstaðaættarinnar og halda áfram farsælum búskap og uppbyggingu til framtíðar.**
- **Vinna stöðugt að því að halda nærumhverfi snyrtilegu og aðlaðandi.**
  - Slá grasbletti reglulega.
  - Snyrta blómabeð.
  - Safna rusli og flokka.
- **Draga úr verðmættasóun og mengun með endurnýtingu, endurvinnslu, orkusparnaði og notkun á umhverfisvænum efnum.**
  - Með flokkun á sorpi til endurvinnslu.
  - Með endurvinnslu á lífrænum úrgangi þar sem hluti hans fer í hæsnafóður.
  - Með skráningu á rafmagns- og heitavatnsnotkun.
  - Með kaupum á hreinsiefnum sem eru umhverfisvottaðar, eins og með Svaninum eða Evrópublóminu.
  - Með notkun fjölnota innkaupapoka.
  - Með minnkandi notkun á plastpokum.
- **Tryggja að fráveitumál séu í lagi.**
- **Kaupa vörur og þjónustu úr heimabyggð sem uppfyllir kröfur um gæði og samkeppnishæft verð.**
  - Hægt er að kaupa eftirfarandi matvörur úr heimabyggð; Lambakjöt, svínakjöt, nautakjöt, gúrkur, paprikur, kartöflur, egg, rauðkál.
- **Setja ráðningar á starfsfólki úr heimabyggð í forgang.**
- **Gera starfsfólk meðvitaðra um umhverfismál og hvetja birgja og gesti til umhugsunar um umhverfismál í víðu samhengi.**
  - Með markvissri fræðslu til starfsfólks og verklagsreglum.
  - Með birtingu umhverfisstefnu á vef Lamb Inn og gera hana sýnilega í herbergjaupplýsingum.
  - Með leiðbeiningum til gesta varðandi flokkun á sorpi og þvott á líni.
- **Vera virkur samstarfsaðili sveitarfélagsins, annarra fyrirtækja og íbúa á svæðinu.**
  - Með þátttöku í samfélagsverkefnum.
  - Með þátttöku í starfi Ferðamálafélags Eyjafjarðarsveitar.
- **Uppfylla lög og reglugerðir sem gilda hverju sinni í umhverfismálum.**